

AUGLÝSING

um uppsögn samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands.

Með orðsendingu 30. október 2003 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Ungverjalands á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lýðveldisins Ungverjalands sem gerður var í Genf 29. mars 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 1/1995. Uppsögnin öðlaðist gildi 30. apríl 2004 og féll samningurinn þá úr gildi. Um leið féll úr gildi fyrirkomulag viðskipta með landbúnaðarafurðir milli Íslands og Ungverjalands sem gert var með erindaskiptum í Genf 29. mars 1993, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 63/1995.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.